

Góðan dag

Mig langar að stinga hugmynd að ykkur tengdri veggjaldaumræðunni sem er rétt farin af stað, og fær vonandi að grassera fram yfir næstu kosningar áður en ákvörðun verður tekin.

Enn fyrst smá inngangur. Það er með óbragð í munninn sem maður fylgist með þessari umræðu frá Alþingi þessa dagana. Fullyrðingar um að þjóðin sé sátt við veggjöld eru teknar úr einhverjum litlum bergmálshelli þeirra sem eru fylgjandi þeim, og virðist eiga sér litla stoð í raunveruleikanum. Ég vinn á stórum vinnustað með vel menntuðu fólki sem veltir þjóðmálunum mikið fyrir sér. Ekki hef ég hitt þann einstakling ennþá sem er sammála veggjaldaútfærslunni, hvorki innan né utan vinnustaðarins. Önnur rök sem heyrst hafa eru „þeir greiða sem nota“, en er það vegferð sem við viljum fara út í? Hvað með mennta- og heilbrigðiskerfið? Eiga þeir einir að greiða sem nota? Þetta er alltof stórt mál til að keyra í gegn án umræðu og án þess að þjóðin fái að koma annaðhvort beint að ákvarðanatöku eða í það minnsta í gegnum þingkosningar þar sem þetta mál verður í forgrunni. Annað er óábyrg stjórnsýsla og enn ein ástæðan fyrir virðingarleysi almennings gagnvart Alþingi. Allt þarf að vera upp á borðinu. Kostnaðargreining, útskýringar á því af hverju núverandi skattheimta á bíleigendur er ekki nýtt í vegaf framkvæmdir, trygging fyrir því að þessi skattheimta verði nýtt í vegaf framkvæmdir, ástæður fyrir því að ekki er búið að afnema bifreiðagjöldin, sem voru tímabundin o.s.fv. Það er óvirðing að koma svona fram við eigendur ríkissjóðs (almennings), og ef þið berið ekki virðingu fyrir almenningi getið þið ekki ætlast til þess að njóta virðingar til baka. Hamagangurinn við að keyra þetta í gegn fær mig og fleiri til að velja því fyrir okkur hvort að ákveðnir þingmenn og ráðherrar sjái fyrir sér persónulegan ávinning á þessu fyrirkomulagi. Helmingaskiptin lifa víst góðu lífi ennþá.

En að betri og sanngjarnari útfærslu sem erfiðara verður fyrir flokksgeðinga að einkavæða. Gamli góði þungaskatturinn. Kílómetragjald með marföldunarstuðli út frá þyngd. Þannig greiða allir fyrir allar framkvæmdir, og eftir því sem bílarnir slíta vegunum meira, því meira greiða þeir. Fólk getur sjálft lesið af mánaðarlega og sent inn, eða að framkvæmdur er álestur við skoðun og áætlun gerð í samræmi við það. Þetta fyrirkomulag er við líði nú þegar við innheimtu hita og rafmagns, og í lok tímabilsins áttu annaðhvort inni eða skuldar. Einnig er hægt að notast við rafrænann aflestur og jafnvel rafrænann kílómetrateljara. Internetið og gps samband er allstaðar og því er þetta auðvelt í framkvæmd. Þetta er sanngjarnasta og gegnsæjasta leiðin í þessum málum og líklega sú ódýrasta líka. Hún er bíður líka upp á einfalt kerfi til að veita afslætti til t.d. fatlaðra, opinberra bifreiða o.s.fv. Einnig má reyna að leiðrétta ívilnun þunga bifreiða í umferðinni á kostnað þeirra minni með einhverjum margföldunarstuðlum. Bíll með 10 tonna öxulþunga slítur vegunum sem dæmi um 10 þúsund sinnum meira en bíll með 1 tonna öxulþunga.

Önnur útfærsla væri að senda fastann mánaðarlegan reikning á alla bifreiðaeigendur út frá þyngd bílsins óháð akstri. Þannig virka t.d. tryggingarnar í dag sem taka ekkert tillit til ekinna kílómetra, eins ósanngjarnt og það nú er. Veggjöld um ákveðna vegi eru gamaldags og bitna með ósanngjörnum hætti á fólki eftir búsetu og atvinnu, og því hvet ég ykkur til að endurskoða frá grunni hugmyndir ykkar um fjármögnun vegakerfisins.

Með hátíðarkveðju og von um hugmyndaauðgi nefndarfólks á nýju ári,

Sighvatur Jónsson
Véltæknifræðingur